

lausa. En aðferð sú, er ákærði og félagi hans höfðu á við geymslu hylkjanna og flutning þeirra úr Stapafelli, svo og það, að ákærði sagðist hafa fundið þau í hraungjótu, gefa til kynna, að verknaðurinn hafi verið framkvæmdur með leynd, og ber því að færa hann undir 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur með þessu framferði sínu rofið skilorð það, er honum var sett í dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. apríl 1963, og ber því nú að fella þann dóm inn í þennan.

Með tilvísun til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ekki hafa komið fram bótakröfur vegna verknaðarins, og verður ákærði því eigi dæmdur til skaðabótagreiðslu í máli þessu.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Gísli Hannesson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. febrúar 1966.

Nr. 128/1964. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn

Helga Kristjánssyni (Jón Þorsteinsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnusamningur. Kaupgjald.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1964, krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Á dómþingi í héraði 28. apríl 1964 felldi stefndi niður kröfu um orlofsfé, kr. 5.831.30, en af vangá hefur héraðsdómur eigi að síður dæmt stefnda þá fjárhæð, sbr. kröfulið F í héraðsdómi. Í samræmi við þetta gerir stefndi hér fyrir

dómi þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að dæmd fjárhæð lækki í kr. 25.706.92, en áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Um ráðningarkjör stefnda á skipum áfrýjanda árin 1960 og 1961 skyldi fara „Samkv. samn. viðk. stéttarféł.“, svo sem skráð var á skipshafnarskrá, sbr. 11. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, er þá giltu, en ágreiningslaust er, eins og í hér- aðsdómi greinir, að átt er við kjarasamning Vélstjórafélags Íslands og útgerðarfyrirtækja, þ. á m. áfrýjanda, frá 1. ágúst 1957.

Stefndi neitar því, að ráðning hans hafi hverju sinni verið miðuð við tiltekna ferð eða ákveðin tímamörk, og er ósannað, að svo hafi verið. Að því er varðaði ráðningar slit giltu því ákvæði 13. gr. sjómannalaga og greinds kjarasamnings vélstjóra um uppsagnarfrest. Í 2. mgr. nefndrar 13. gr. segir m .a.: „Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi vélstjóra skal vera einn mánuður, ef öðruvísi er ekki um samið“ og upphafsákvæði 2. gr. kjarasamningsins er á þessa leið:

„a) Þegar vélstjóri eða aðstoðarvélstjóri hefur unnið eitt ár hjá félaginu, skoðast hann sem fastur starfsmaður þess, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur frá beggja hálfu.“

Samkvæmt 32. gr. sjómannalaga á vélstjóri, sem vikið er úr skiprúmi vegna veikinda, „rétt á fullu kaupi sínu, þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningar slitum“ Í 2. gr. kjarasamningsins segir enn fremur: „Veikist vélstjóri, eftir að hann hefur starfað 1 ár hjá félaginu, ber honum auk þess, sem tekið er fram í sjölogum, allt að þriggja mánaða launum.“

Samkvæmt gögnum málsins hélzt réttarsamband aðilja órofið allt það tímabil, sem kröfur stefnda taka til, og gildi um skiprúmssamning stefnda frá upphafi ráðningar hans 14. janúar 1960 eins mánaðar uppsagnarfrestur, þar til að einu ári liðnu frá þeim degi, en síðan þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Við sömu tímamörk miðaðist og réttur hans

til launa, sem áður getur, er ráðningarslit leiddi af veikindum hans.

Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda um vangoldið kaup, er stefndi reiknar sér vegna fyrirvaralausrar uppsagnar á skiprúmssamningi og ráðningarslita vegna veikinda hans. Er einstökum kröfuliðum rækilega lýst í héraðsdómi, og nema þeir alls kr. 25.706.92, eins og áður greinir.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og þess, sem nú var rakið, ber að taka til greina dómkröfu stefnda, sem eigi hefur verið vefengd tölulega. Verður áfrýjanda því dæmt að greiða stefnda nefnda fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Helga Kristjánssyni, kr. 25.706.92 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. október 1961 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. apríl 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. apríl s.l., hefur Helgi Kristjánsson, Kársnesbraut 85, Kópavogi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. okt. 1961, á hendur Skipaútgerð ríkisins til greiðslu á kr. 39.781.38 með 8% ársvöxtum frá 30. apríl 1961 til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi gerir þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að Skipaútgerð ríkisins verði aðeins gert að greiða stefnanda ógreitt sumarfrí vegna veru hans á m/s Skjaldbreið og m/s Herðubreið, kr. 1.395.60, og vegna fæðispeninga í sumarfrí, kr. 785.30, og orlofsmerki vegna tímavinnu, kr. 251.00, og ógreitt sumarfrí vegna dvalar stefnanda á m/s Óðni hjá Landhelgisgæzlu Íslands, kr. 4.338.90, og ógreiddra fæðispeninga í sumarfrí, kr. 579.60, eða samtals kr. 4.918.50, svo og að vextir

og málskostnaður verði felldir niður. Verði málinu vísað frá dómi, krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Frávísunarkrafa stefnda var tekin sérstaklega til úrskurðar 10. nóv. 1962, og var henni hrundið.

Málavextir eru þeir, að samkvæmt vottorði lögskráningarstjórans í Reykjavík, dagsettu 15. júní 1961, hefur stefnandi máls þessa verið skráður vélstjóri á eitt varðskipa Landhelgisgæzlunnar, m/s Óðin (m/s Gautur), og tvö skip stefnda, m/s Skjaldbreið og m/s Herðubreið, með nokkrum eyðum á tímabilinu 12. febrúar 1959 til 30. apríl 1961.

Samkvæmt vottorði þessu áttu kaup og kjör stefnanda að fara eftir samningi viðkomandi stéttarfélaga, og eru aðiljar sammála um, að þar sé átt við kjarasamning á dskj. nr. 5 milli Vélstjórafélags Íslands og þar greindra skipafélaga og atvinnurekenda, þar á meðal stefnda í máli þessu. Stefnandi er þó ekki félagsmaður í Vélstjórafélagi Íslands, enda hefur hann aðeins mótórvélstjóraréttindi allt að 900 ha. á fiskiskipum og 600 ha. á öðrum skipum.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að honum hafi í hvert sinn, er hlé varð á störfum hjá stefnda á umræddu tímabili, verið sagt upp fyrirvaralaust og án kaupgreiðslu fyrir uppsagnarfrest, sem hann telur sig eiga lögum samkvæmt, sbr. 13. grein sjml. og 32. gr. sömu laga, svo og með tilvísun í áðurnefndan kjarasamning, sbr. 2. gr. hans um sama efni.

Í 13. gr. sjómannalaga segir, að uppsagnarfrestur vélstjóra sé 1 mánuður, ef veikindi ber að höndum, sem leiði til þess, að viðkomandi aðili geti ekki leyst starf sitt af hendi. Í 2. gr. umrædds kjarasamnings skoðast vélstjóri, sem unnið hefur eitt ár hjá útgerðinni, fastur starfsmaður hennar, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu.

Í sömu grein segir enn fremur, að veikist vélstjóri, eftir að hann hafi starfað í eitt ár hjá útgerðinni, beri honum auk þess, sem tekið er fram í sjólögum, allt að þriggja mánaða laun.

Í framangreindum ákvæðum laga og kjarasamnings byggir stefnandi kröfur sínar um greiðslu vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi af hálfu stefnda, en auk þess telur hann sig eiga hjá stefnda ógreitt orlofsfé af kaupi sínu frá 15. maí 1960.

Stefndi bendir á í fyrstu, að honum sé ranglega stefnt að því er varðar þann kröfufilið, er tekur til dvalar stefnanda á v/s Óðni,

varðskipi Landhelgisgæzlunnar. Landhelgisgæzlan og Skipaútgærd ríkisins séu tvö fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald og sjálfstæða ársreikninga, þótt sama skrifstofufólkið hafi með höndum skrifstofustörf beggja fyrirtækjanna. Stefndi bendir einnig á, að ráðning yfirmanna á skip Landhelgisgæzlunnar sé í höndum sérstaks skipaefirlitsmanns í þjónustu Landhelgisgæzlunnar og hafi stefndi verið ráðinn af honum eftir tilvísun Sveins vélstjóra Þorbergssonar, sem var yfirmaður stefnanda í forföllum fyrsta vélstjóra á v/s Óðni. Hins vegar ráði allt annar maður vélsjóra á strandferðaskipin og um það hafi stefnanda verið vel kunnugt. Þarna sé því, eins og áður er sagt, um tvö fyrirtæki að ræða og séu því kröfur á hendur Landhelgisgæzlunni alls óviðkomandi stefnda í málinu og beri því eigi að taka þann lið stefnukröfunnar til greina, er varðar dvöl stefnanda á varðskipinu Óðni.

Að öðru leyti styður stefndi varakröfu sína með því, að stefnandi hafi alla tíð, er hann starfaði hjá stefnda, verið í aflausrarstörfum, þ. e. leyst af aðra starfsmenn stefnda í sömu grein í veikindaforföllum og sumarleyfum, og hafi því starfstími stefnanda verið þeim takmörkum háður, að hann viki úr starfi, þegar þeir kæmu aftur til starfa, sem hann „leysti af“ í hvert skipti. Einnig bendir stefndi á, að stefnandi hafi ekki réttindi til að gegna þeim störfum, sem hann vann á skipum stefnda, og þessi undanþága hafi því aðeins fengizt, að hann viki úr störfum fyrir réttindamönnum. Á þeim rökum, sem síðast eru greind, byggir stefndi þá fullyrðingu sína, að stefnandi eigi engan rétt á neinum uppsagnarfresti og vísar því öllum kröfum þar að lútandi á bug sem óréttmætum.

Stefndi segir einnig, að stefnandi hafi aldrei, þrátt fyrir það að hann hafi fengið reikning yfir störf sín mánaðarlega eða jafnskjótt og hann fór úr starfi, gert neina kvörtun út af reikningskilum. Eigi hafi hann heldur gengið eftir að fá greitt sumarfrí eða orlof, sem honum hafi þó staðið til boða.

Sú upphæð, sem í varakröfunni greini, sé rétt tilgreint sumarfrí og orlof vegna dvalar stefnanda á skipum stefnda og v/s Óðni, skipi Landhelgisgæzlunnar, sú upphæð, sem þar greinir, sé í samræmi við 4. gr. kjarasamnings á dskj. nr. 5 a-lið og með hliðsjón af skráningartíma stefnanda. Þessar fjárhæðir hafi stefnandi getað fengið, hvenær sem honum þóknaðist að sækja þær, sem hann hafi þó látið hjá líða. Öðrum þeim kröfum, sem

að framan greinir, telur stefnandi sér óskýlt að sinna, og er málið af þeim sökum komið hér fyrir dóm.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að úrslit málsins hljóta að velta á því, hvort telja beri, að stefnandi eigi í fyrrgreindum tilvikum rétt á uppsagnarfresti eða ekki.

Stefnandi heldur því fram, að hann eigi, stöðu sinnar vegna, rétt á eins mánaðar uppsagnarfresti, ef honum er sagt upp á fyrsta ári starfstímabils síns, en eftir að hafa starfað í eitt ár hjá útgerðinni eigi hann rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þessu til stuðnings bendir hann, svo sem áður er rakið, á 13. og 32. gr. sjml. svo og 2 mgr. fyrrgreinds kjarasamnings.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi hafi eingöngu verið ráðinn til að leysa menn af í sumarfríum og veikindaforföllum. Þá ber hann það og fyrir sig, að stefnandi hafi ekki haft réttindi til vélstjórnar á skipum stefnda, en hafi fengið undanþágu til starfans. Hafi ráðning hans ætíð verið bundin því skilyrði, að hann viki úr starfi, þegar réttindamaður vildi komast að. Af þeim sökum hafi hann engan rétt átt á uppsagnarfresti í þau skipti, sem um getur.

Verða þessi atriði nú tekin til nánari athugunar.

Skv. vottorði lögskráningarstjórnar í Reykjavík, dags. 15. 6. 1961, var stefnandi lögskráður á umrædd skip, sem hér segir:

1959	II. vélstjóri	12. febr. til 7. nóv.	Óðinn	269 d.
1960	III. —	14. jan. til 25. júní	Skjaldbr.	164 d.
1960	—	27. júní til 30. okt.	Skjaldbr.	126 d.
1960	—	19. des. til 23. des.	Herðubr.	5 d.
1961	—	5. jan. til 18. jan.	Skjaldbr.	14 d.
1961	—	25. jan. til 24 febr.	Herðubr.	31 d.
1961	—	4. apr. til 30. apr.	Skjaldbr.	27 d.

Kjör: „Skv. samn. viðk. stéttarfél.“

Þegar litið er á framangreinda skráningu, kemur í ljós, að stefnandi hefur verið í þjónustu Landhelgisgæzlunnar og stefnda, sem hér segir:

Á árinu 1959 269 daga, á árinu 1960 295 daga og af fjórum mánuðum ársins 1961 72 daga. Auk þess fékk stefnandi fullt kaup vegna veikinda frá 1. nóv. til 30. nóv. 1960. 1. des. til 11. des. 1960 vann hann við vél m/s Skjaldbreiðar, sem var í klössun. 25. febr. til 3. apríl 1961 var stefnandi veikur og fékk kaup í einn mánuð, þ. e. til 26. marz.

Með tilliti til þess langa starfstíma ár hvert verður að telja, að hér hafi verið um að ræða aðalstarf stefnanda, en ekki ígripa-starf, eins og stefnandi heldur fram.

Í staðfestu vottorði, dagsettu 27. júní 1963, frá Vélstjórafélagi Íslands segir svo: „Á undanförnum 6 árum hefur það aldrei komið fyrir, að Vélstjórafélag Íslands gerði þá kröfu á hendur útgerð eða skipafélagi, að maður, sem gegndi vélstjórastarfi samkv. undanþágu frá Samgöngumálaráðuneytinu, viki úr starfi fyrir vélstjóra með fullum réttindum. Stafar þetta af vélstjóra-eknunni í landinu. Af þeim sökum hafa undanþáguveitingar verið mjög tíðar, en þær hafa ávallt verið gerðar í samráði við Vélstjórafélag Íslands.“

Í þessu vottorði kemur skýrt fram, að allar undanþáguheimildir til vélstjórnar eru veittar með vitund og vilja viðkomandi stéttarfélags svo og að þeim, sem slíkrar undanþágu njóta, virðist veitt sambærilegt starfsöryggi og réttindamenn hafa, enda ráðnir upp á sömu starfskjör og þeir, sem full réttindi hafa, eins og skýrt er tekið fram á lögskráningarvottorði, dskj. nr. 6.

Ekki verður annað séð en stefndi hafi í verki virt kaup og kjaraákvæði fyrrgreinds samnings, er hann gerði upp við stefnanda í hvert sinn, er hann fór úr starfi, og verður því ekki á það fallið, að hann hafi glatað neinum rétti samkv. samningnum, þó að hann hafi ekki hreyft mótmælum við móttöku reikningsskila í hvert sinn.

Að álitni dómsins á stefnandi rétt til uppsagnarfrests samkv. fyrrgreindum kjarasamningi og sjómannalögum, enda er með öllu ósannað, að hann hafi samið við stefnanda á annan veg.

Verða nú kröfur stefnanda teknar til athugunar.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar á eftirfarandi hátt:

A. Kaup yfir tímabilið 7. nóv.

til 7. des. 1959, 30 dagar:

Mánaðarkaup	kr.	5.604.00
vaktaálag	—	1.470.00
mótortillegg	—	224.16
fæðispeningar	—	945.00

Alls kr. 8.243.16

B. Kaup yfir tímabilið 23. des.

1960 til 5. jan. 1961, 12 dagar:

Mánaðarkaup	kr.	1.911.00
vaktaálag	—	294.00
mótortillegg	—	76.44
fæðispeningar	—	378.00

Samt. kr. 2.659.44

C. Kaup yfir tímabilið 18. jan.

til 25. jan. 1961, 6 dagar:

Mánaðarkaup	kr.	995.50
vatkaálag	—	147.00
mótortillegg	—	38.22
fæðispeningar	—	189.00

Samt. kr. 1.329.72

D. Kaup yfir tímabilið 26. marz

til 4. apríl 1961, 8 dagar:

Mánaðarkaup	kr.	1.274.00
vaktaálag	—	196.00
mótortillegg	—	49.96
fæðispeningar	—	252.00

Samt. kr. 1.771.96

E. Kaup fyrir tímabilið 30. apríl

til 30. júlí 1961, 90 dagar:

Mánaðarkaup	kr.	14.332.50
vaktaálag	—	2.205.00
mótortillegg	—	573.30
fæðispeningar	—	2.835.00

Samt. kr. 19.945.80

F. Orlofsfé, 6% af útborguðu kaupi yfir tímabilið

15. maí 1961, unz starfi lauk, 6% af 71.481.42 kr. 4.288.88

Orlofsfé af vangoldnu kaupi, sbr. liði B, C, D og E. — 1.542.42

Samt. kr. 5.831.30

Eigi er gerð krafa til orlofsfjár af fríu fæði úti á sjó. Heildar-krafa stefnanda, þegar allir liðir eru samanlagðir, nemur kr. 39.781.38.

Verða hinir einstöku kröfuliðir nú teknir til athugunar og úr-skurðar.

A liður. Þessi kröfuliður er sprottinn af fyrirvaralausri uppsögn á störfum stefnanda á v/s Óðni, skipi Landhelgisgæzlunnar, og var uppsögnin ákveðin og sett fram af forráðamönnum þeirrar stofnunar.

Enda þótt dómurinn líti svo á, að stefnandi hafi haft rétt til 1 mánaðar uppsagnarfrests, þá verður hann að fallast á það sjónarmið stefnds með tilliti til þess, sem fram er komið í málinu, að Landhelgisgæzlan sé sjálfstæð stofnun með sjálfstætt og aðskilið reikningshald, sem beri ábyrgð á ráðningu og uppsögn sinna starfsmanna, sbr. dskj. nr. 11. Verði því Skipaútgerð ríkisins ekki gerð ábyrg fyrir kröfum, sem kunna að spretta af ráðningu eða uppsögnum starfsmanna Landhelgisgæzlunnar.

Af þessu leiðir, að kröfuliður þessi verður ekki tekinn til greina.

B liður. Þessi kröfuliður tekur til kaups yfir tímabilið 23. des. 1960 til 5. jan. 1961 eða 12 daga, þ. e. frá því að stefnanda var sagt upp störfum á m/s Herðubreið, þar til hann hóf störf á m/s Skjaldbreið, sem hvort tveggja eru skip stefnda. Ber stefnanda kaup fyrir þetta tímabil vegna hinnar fyrirvaralausar uppsagnar.

Mánaðarkaup stefnanda á umræddum skipum var kr. 4.777.50, en stefnandi gegndi stöðu 3. vélstjóra, meðan hann var í þjónustu stefnda.

Vaktaálag var kr. 735.00 á mánuði, mórtortillegg 4% af mánaðarkaupi og fæðispeningar kr. 31.50 pr. dag, ef ekki var fæði um borð. Miðað er við 30 daga í mánuði, þegar reiknað er dagkaup, og hliðstætt, þegar vaktaálag á dag er reiknað út.

Sú upphæð, sem kröfuliðurinn hefur að geyma, virðist vera rétt heimfærður miðað við það tímabil, sem hann tekur til, og verður hann því tekinn til greina óskertur.

C liður. Um þennan lið kröfunnar er ekkert, sem gefur tilefni til frekari skýringar en fram kemur í B lið svo og lögskráningarvottorði, og virðist upphæð sú, sem þar er tilgreind, rétt tilfærð, og verður hún því tekin til greina að fullu.

D- liður. Kröfuliður þessi tekur til kaups yfir tímabilið 26. marz til 4. apríl 1961. Stefnandi byggir þennan lið á því, að hann hafi veikzt og verið afskráður af m/s Herðubreið þann 25. febrúar og hafi hann átt í veikindum til 4. apríl. Hann hafi fengið kaup frá 25. febr. til 25. marz, en hann hafi vegna veikinda átt rétt á kaupi samkv. 2. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 5 allt að þrem mánuðum.

Stefnda beri því að greiða sér kaup frá 26. marz til 4. apríl, er hann skráðist aftur á m/s Skjaldbreið.

Stefnandi hóf störf sín hjá stefnda þann 14. jan. 1960 og var samfellt í þjónustu hans með stuttum hléum, sem honum bar kaup fyrir, eins og hér að framan er rakið, þar til hann veiktist 24. febrúar 1961. Hann hefur því verið búinn að vera í þjónustu stefnda á annað ár og á því rétt á launum í allt að þrjá mánuði, er hann veiktist. Með vísan til þessa ber að taka til greina þennan kröfulið að fullu, enda virðist hann tölulega rétt tilfærður.

E liður. Stefndanda var sagt upp að fullu þann 30. apríl 1961. Stefnandi telur, að hann hafi verið orðinn fastráðinn starfsmaður stefnda í skilningi 2. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 5, en þar segir: „Þegar vélstjóri eða aðstoðarvélstjóri hefur unnið eitt ár hjá félaginu, skoðast hann sem fastur starfsmaður þess, og gildir þá þriggja mánaða uppsagnarfrestur af beggja hálfu.“

Með tilliti til þess, sem um D lið segir varðandi starfstíma stefnanda, ber að skoða hann sem fastan starfsmann stefnda, og ber honum því þriggja mánaða uppsagnarfrestur skv. fyrrgreindu ákvæði umrædds kjarasamnings. Ágreiningslaust er, að uppsögnin var gerð án fyrirvara, og ber stefnda því samkvæmt framansögðu kaup í þrjá mánuði frá uppsögn. Verður að taka þennan kröfulið til greina, enda sýnist hann tölulega réttur.

F liður. Þessi liður tekur til orlofsfjár yfir tímabilið 15. maí 1960, þar til starfi stefnanda lauk. Stefnandi viðurkennir að stefnandi hafi ekki fengið uppgert orlofsfé eða tekið út samsvarandi sumarfrí. Skv. 4. gr. a-lið fyrrgreinds kjarasamnings ber stefnanda 25 daga sumarleyfi eftir eins árs þjónustu hjá útgerðinni. Með tilvísan til þess, sem um E lið greinir, þá lýkur þjónustutíma stefnanda 30. júlí 1961. Orlofstímabilið, sem liður þessi tekur til, verður frá 15. maí 1960 til 30. júlí 1961 eða 14½ mánuður. Skv. því ber stefnanda 30 daga sumarleyfi. Með tilliti til þessa svo og mánaðarlauna stefnanda ber að taka kröfulið þennan að fullu til greina.

Úrslit málsins skv. framansögðu eru því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda samanlagðar fjárhæðir liðanna B, C, D, E og F eða kr. 2.659.44 plús 1.329.72 plús 1.771.96 plús 19.945.80 plús 5.831.30 eða samtals kr. 31.538.22 ásamt 7% vöxtum frá 10. okt. 1961 til greiðsludags.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilegur kr. 5.650.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Hákon Guðmundssyni hæstaréttarritara og Halldóri Jónssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda, Helga Kristjánssyni, kr. 31.538.22 auk 7% ársvaxta frá 10. okt. 1961 til greiðsludags og kr. 5.650.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1966.

**Nr. 75/1964. Utanríkisráðherra og
Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs**
(Niels P. Sigurðsson hdl.)
gegn
Þorsteini Brandssyni (Haukur Jónsson hrl.).

Dómenndur:
hæstaréttardómaramenn Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kaupgjald. Ábyrgð rikissjóðs á kaupgjaldi starfsmanns í þjónustu varnarliðsins.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. marz 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1964. Krefst hann sýknu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem er vélstjóri að mennt, réðst hinn 12. apríl